

Hvað finnst mér?

Markmiðið er að efla gagnrýna hugsun um neysluvenjur, sjálfbærni og gildi nægjusemi. Leikurinn hvetur einnig til umræðu, virðingar fyrir ólíkum skoðunum og meðvitundar um áhrif eigin gjörða á umhverfið.

Leikreglur:

Leið 1: Línan

1. Teiknið eða merkið línu á gólfið eða töfluna.
2. Setjið merkingar á línuna:
3. Mjög sammála – Sammála – Hlutlaus – Ósammála – Mjög ósammála.
4. Kennari les upp eina fullyrðingu í einu, og nemendur staðsetja sig á línunni í samræmi við skoðun sína.
5. Nokkrir nemendur útskýra af hverju þeir standa þar sem þeir standa.
6. Kennari ræðir: breyttist skoðun ykkar eftir að heyra frá öðrum, viltu færa þig um stað?

Leið 2: Fjögur horn

1. Hverju horni skólastofunnar er úthlutað merkingu:
2. Mjög sammála, sammála, ósammála, mjög ósammála, og miðjan er merkt sem hlutlaus.
3. Kennari les upp eina fullyrðingu í einu, og nemendur staðsetja sig á línunni í samræmi við skoðun sína.
4. Nokkrir nemendur útskýra af hverju þeir standa þar sem þeir standa.
5. Kennari ræðir: breyttist skoðun ykkar eftir að heyra frá öðrum, viltu færa þig um stað?

Hvað finnst mér?

1. Mér finnst Ísland vera hreint land.
2. Íslendingar eru umhverfisvænir.
3. Mér finnst náttúruvernd mikilvæg.
4. Ég veit hvað felst í því að vernda náttúruna.
5. Mér finnst mikilvægt að endurvinna rusl.
6. Mér finnst í lagi að henda rusli á göturnar.
7. Mér finnst við ættum að gera meira til að koma í veg fyrir hlýnun jarðar.
8. Mér finnst að það ætti að banna stórverslunum að henda mat.
9. Mér finnst sjálfsagt að kaupa alltaf nýjasta nýtt.
10. Ég hugsa hvort ég þurfi eitthvað nauðsynlega áður en ég kaupi það.
11. Mér finnst ég eiga of marga hluti.
12. Mér finnst gaman að gera við eða endurnýta hluti.
13. Mér finnst í lagi að kaupa notaða hluti.
14. Mér finnst mikilvægt að velja vörur sem endast lengi.
15. Ég kaupi stundum hluti sem ég þarf ekki.
16. Ég væri sátt/ur ef það væri minna úrval af óþarfa hlutum í verslunum.
17. Ég tengi nægjusemi við frelsi og minni streitu.
18. Ég væri hamingjusöm/samur þó ég ætti færri hluti.
19. Mér finnst í lagi að fólk noti meira en það þarf ef það á efni á því.
20. Mér finnst mikilvægt að hugsa um hvaðan vörur koma og hver framleiðir þær.
21. Mér finnst í lagi að fá lánaða hluti í stað þess að eiga sjálf/ur.
22. Ég er vakandi fyrir því hvernig mín neysla hefur áhrif á umhverfið.
23. Mér finnst mikilvægt að varðveita náttúrulegar auðlindir.
24. Mér finnst við í samfélaginu leggja of mikla áherslu á að kaupa frekar en að njóta.
25. Mér finnst gaman að skapa eða smíða hluti sjálf/ur í stað þess að kaupa þá.